



# MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI



VIRÐING  
VÍÐSÝNI  
ÁRANGUR

Kæru nýnemar,  
verið hjartanlega velkomin  
í Menntaskólann á Akureyri.

MA byggir á ríkri sögu og er þekktur fyrir hefðir sem hafa haldist í árána rás en er á sama tíma framsækinn skóli sem leggur áherslu á þróun og nýsköpun í skólastarfi. Það er hlutverk okkar sem í skólanum störfum að hjálpa nemendum að öðlast framúrskarandi menntun og auka færni þeirra til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf.

Vönduð kennsla, stuðningur við nemendur og blómlegt félagslíf eru allt þættir sem vinna að þeim markmiðum. Það er von mín að sem flestir bæði geti og vilji stunda nám við þær góðu og gefandi aðstæður sem starfsfólk leggur metnað sinn í að skapa fyrir nemendur.



*Karl Frímannsson skólameistari*



## EINKENNI MA

- \* Öflugt félagslíf
- \* Bekkjakerfi
- \* Góður undirbúningur fyrir háskólanám
- \* Sveigjanleg námslok
- \* Proskandi samvera
- \* Heimavist og mötuneyti



## BREIÐ ALMENN MENNTUN

Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri veitir breiða almenna menntun og meginhlutverk skólans er að búa nemendur undir háskólanám og líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Skólasýn MA er skólastarfinu til grundvallar og endurspeglar áherslur í námi og kennslu. Stúdentsprófið er 200 einingar. Námsstími til stúdentsprófs er sveigjanlegur, að jafnaði þrjú til fjögur ár.

## UPPBYGGING NÁMSINS

Nemendur skrá sig inn á námsbraut við innritun. Námið er svipað fyrstu önnina en greinist meira eftir brautum strax á annarri önn. Það skiptist í kjarnagreinar sem búið er að raða niður á annir og valgreinar þar sem nemendur geta valið áherslusvið námsins. Flestar valgreinarnar falla innan sérgreina brautarinnar en einnig er hægt að taka valgreinar af öðrum námsbrautum.





## FÉLAGSGREINABRAUT

Veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í félagsgreinum.

*Félagsfræði, sálfræði, siðfræði, stjórnmálafræði, saga og heimspeki.*



## MÁLA- OG MENNINGARBRAUT

Veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í tungumálum og öðrum hugvísindum.

*Íslenska, erlend tungumál, ferðamál, saga, menning og miðlun.*



## RAUNGREINABRAUT

Veitir góðan undirbúning fyrir nám í raungreinum, ekki síst verkfræði, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Námsframboð til sérhæfingar í eðlisfræði og stærðfræði.

*Eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði, líffræði og jarðfræði.*



## NÁTTÚRUFRAEÐIBRAUT

Veitir góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum.

*Efnafræði, eðlisfræði, líffræði, jarðfræði og stærðfræði.*



## HEILBRIGÐISBRAUT

Veitir góðan undirbúning fyrir nám í heilbrigðisgreinum.

*Efnafræði, eðlisfræði, líffræði og stærðfræði.*



## KJÖRNÁMSBRAUT – SVIÐSLISTIR

Veitir góðan almennan grunn fyrir háskólanám og nám sem tengist sviðslistum.

*Leiklist, dans, tónlist og söngur, leikstjórn, tæknimál, leikmynd og búningar.*



## KJÖRNÁMSBRAUT – TÓNLIST

Góður grunnur fyrir nám í tónlist á háskólastigi og almennt háskólanám. Einstaklingsmiðuð námsbraut fyrir nemendur sem eru á kafi í tónlist. Tónlistarnám í samvinnu við tónlistarskóla á svæðinu.

*Klassísk tónlist – rytmísk tónlist – skapandi tónlist.*



## HRAÐLÍNA

Árangursrík námsleið við MA í meira en áratug. Nemendur með háa meðaleinkunn koma beint úr 9. bekk. Krefjandi og spennandi áskorun fyrir duglega námsmenn. Hægt að ljúka stúdentsprófi 18 ára.

## STOÐÞJÓNUSTA

- Viðtæk námsráðgjöf
- Ráðgjöf vegna prófkvíða og námsvanda
- Aðstoð við námsval innan skólans
- Aðstoð við val á framhaldsnámi
- Sálfræðiráðgjöf
- Námsaðstoð eldri nemenda

## NEMENDAVERND

- Öflugt umsjónarkerfi fyrir ólöggráða nemendur
- Gott forvarnastarf
- Félagsmálafulltrúi
- Hjúkrunarfræðingur á heimavist
- Lifandi jafnréttisstarf
- Virkt foreldrafélag



## LÝÐRÆÐISLEGT SKÓLASTARF

Í Menntaskólanum á Akureyri er lýðræðislegt skólastarf í hávegum haft. Unnið er markvisst að því að efla lýðræði með skólaráði, hagsmunaráði nemenda, hópvinnu og bekkjarfundum. Hlustað er á raddir nemenda og tekið tillit til skoðana þeirra með einkunnarorð skólans að leiðarljósi.

## SAMAN Í BEKK

Frá upphafi hefur í MA verið bekkjakerfi. Samstaða og vinabönd sem mótask á langri samveru í bekk lifa með fólki ævina á enda. Bekkjakerfið er ein helsta ástæða þess hve mikla rækt gamlir nemendur leggja við skólann og koma reglulega í heimsóknir á fimm til tíu ára fresti.

## HEIMAVISTIN

- Einkennandi þáttur í skólalífi MA
- Heimili rúmlega 300 nemenda í MA og VMA
- Mötuneyti og þvottahús
- Gæsla allan sólarhringinn

Sjá nánar á [heimavist.is](http://heimavist.is)

## Á FERÐ OG FLUGI

Nemendur fara í náms- og kynnisferðir:

- Náttúruskoðunarferð um Mývatnssveit
- Sagnfræðiferð um söguslóðir í Eyjafirði og Skagafirði
- Atvinnusöguferð til Siglufjarðar
- Óvissuferð ferðamálafræði til nágrennalanda
- Eðlisfræðiferð til Lundúna og Oxford
- Ferðir til útlanda í tengslum við tungumálanám



## FÉLAGSLÍF

Félagslíf í MA er rómað og metnaðarfullt og margir öðlast þar ómetanlega reynslu í félagslegum samskiptum.

- Allt félagsstarf fer fram innan veggja skólans og er áfengis- og vímuefnalaust
- Skipulag félagslífs er í höndum nemenda sjálfra
- Huginn er skólafélagið, kjölfestan í félagsstarfinu
- Fjöldmörg undirfélög, til dæmis PRÍMA, LMA, ÍMA
- Muninn er skólablað MA
- Menningar- og keppnisferðir
- Kvosin, salur skólans, er miðstöð félagslífsins

Sjá nánar á [facebook.com/skolafelag](https://facebook.com/skolafelag)

Félagsstarfið snýst meðal annars um söng, íþróttir, dans, myndlist, tónleikahald, ljósmyndun, kvöldvökur og myndbandagerð. Keppt er við aðra skóla í íþróttum, Morfís og Gettu betur auk Söngkeppni framhaldsskólanna.





## SKÓLASÝN MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI

Skólastarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.

Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.

Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.

Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.

Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.

Skólastarfið eflir málvitund nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.

Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.

Ég kom vel undirbúin í háskóla af náttúrufræðibrautinni í MA. Ég fékk bæði að þroskast sem námsmaður og sem manneskja innan vegga skólans og á virkilega hlýjar og skemmtilegar minningar þaðan. Eftirminnilegast er kannski það frábæra félagslíf sem skólinn býður upp á og stemmingin í kringum allar hefðirnar. Í skólanum eignaðist ég marga góða vini og kynntist leiklistinni, sem er meðal annars það sem ég starfa við í dag.



- Anna Hafþórsdóttir  
Tölvunarfræðingur hjá NextCode og leikkona  
Menntun: Tölvunarfræði og leiklist



Það stærsta og mikilvægasta sem ég tók með mér frá MA voru vinir fyrir lífstíð. Námið veitti auðvitað góðan grunn til að öðlast frekari menntun en sennilega skipti félagslífið enn meira máli. Þátttaka í leikfélaginu og stjórn Hugvins þjálfaði mig í mannlegum samskiptum og ól með mér kjark og trú á sjálfan mig. Fyrir það verð ég alltaf þakklátur.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Félags- og vinnumarkaðsráðherra  
Menntun: Líffræði og umhverfisstjórnun

Minningarnar frá árunum í Menntaskólanum á Akureyri eru með þeim kærustu sem ég á. Þar kynntist maður fólki frá öllu landinu og eignast vini fyrir lífstíð. Stuðningur og áhugi kennaranna fyrir nemendum er einlægur. Ég var í skemmtilegum og samheldnum bekk, andinn í skólanum, félagslífið og hefðirnar gera MA að einstökum skóla. Námið hefur nýst mér bæði í áframhaldandi námi en ekki síst í daglegu lífi.



Púríður Helga Kristjánsdóttir  
Myndlistarkona  
Menntun: Myndlist, kennslufræði og mannauðsstjórnun



Árin mín í MA voru frábær og þá verð ég sérstaklega að nefna félagslífið. Þarna eignaðist ég vini fyrir lífstíð og tók þátt í leiksýningu í fyrsta skiptið og oftast en einu sinni. Ég mæli heilshugar með Menntaskólanum á Akureyri.

Ævar Þór Benediktsson  
Leikari og rithöfundur  
Menntun: Leiklist

Ég útskrifaðist af eðlisfræðibraut MA sem reyndist mér góður undirbúningur fyrir áframhaldandi nám. Á þessum árum eignaðist ég marga vini og kunningja sem eru mínir bestu vinir í dag. Þó maður hafi ekki velt því mikið fyrir sér á sínum tíma þegar maður var við nám, er MA-hátíðin þann 16. júní, þar sem heilu árgangarnir halda upp á útskriftarafmæli, ómetanleg tenging og mikil skemmtun sem maður hlakkar til.

Arnór Atlason  
Handboltaþjálfari og fyrrum atvinnumaður í handbolta  
Menntun: Viðskiptafræði



Árin mín í Menntaskólanum á Akureyri eru mér afar dýrmæt. Þar fann ég mér sterkar fyrirmyndir í hópi kennaranna og eignaðist marga af mínum bestu vinum í hópi samnemenda minna. Félagsfræðibrautin reyndist góður grunnur fyrir BA nám í leiklist í Lundúnum en ekki síst þátttaka mín í fjölbreyttu félagslífi skólans, leikfélaginu, Morfis, söngkeppninni o.fl. Minningarnar frá heimavistinni og úr skólalífínu eru klárlega með þeim allra skemmtilegustu sem ég á till!

Birna Pétursdóttir  
Leikkona og framleiðandi  
Menntun: Leiklist



## MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Eyjarlandsvegi 28

Sími: 455 1555

ma@ma.is

www.ma.is

 /menntaskoli

Ábyrgð: Kynningarnefnd MA

Hönnun og umbrot: Blek

Ljósmyndir: Axel Þórhallsson

3. útg. 2023